

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 100. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 20. febrúar 2015 Haldinn á Ísafirði kl. 11:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Hildur E Pétursdóttir, Kristján G. Jóakimsson, Einar Valur Kristjánsson, Jón Hörður Eliasson í síma var Kolfinna Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

1. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits 2014
2. Gjaldskrá 2015
3. Umhverfisstofnun
4. Matvælastofnun
5. Orkustofnun
6. Skipulagsmál
7. Úr eftirliti
8. Starfsleyfi fyrirtækja
9. Tóbaksöluleyfi
10. Tækifærisleyfi
11. Brennuleyfi
12. Önnur mál
13. Fundadagsetningar tillaga.

Dagskrá

1. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits 2014.

- Heilbrigðisfulltrúi kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2014. Heildar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður var kr. 27.060.463. Eftirlitsgjöld voru kr. 17.420.553. Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir þeim liðum sem voru umfram áætlun. Heilbrigðisnefndin fjallaði um ársreikninginn og var hann samþykktur.

2. Gjaldskrá 2015.

- Framkvæmdastjóri leggur til að gjaldskrá verði hækkuð um 3%. Tvær breytur eru í gjaldskránni, annarsvegar gjald fyrir rannsóknir á sýnum og hinsvegar tímagjald. Heilbrigðisnefnd leggur til að gjald vegna sýna verði kr. 14.935 og tímagjald verði kr. 11.000 Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda breytingu á gjaldskránni til sveitarfélaga til staðfestingar. (3% hækkun)

3. Umhverfisstofnun bréf til kynningar

- Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu ehf
- Íslenska kalkþörungafélagið Áform um áminningu og krafa um úrbætur.
- Íslenska kalkþörungafélagið . Úrbótaáætlun mótttekin og samþykkt.
- Lokun urðunarstaðarins í Vatneyrarhlíð.
- Olúbirgðastöðin á Ísafirði, þrýstiprófanir á lögn 400.96.00
- Bikbirgðastöð Ísafirði, tillaga að starfsleyfi fyrir Vegagerðina.
- Móttaka og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.
- Reglubundið eftirlit 16.07 hjá Dýrfiski hf.
- Beiðni um lista yfir þá rekstraraðila sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla úrgang.(GBI 21.1)

- Söfnunarstöðvar og móttökustöðvar sem eru með starfsleyfi heilbrigðisnefndar leiðbeiningar UST varðandi móttöku spilliefna.
- Lokun Birgðastöðvar Skeljungs í Bolungarvík, tímabundið
- Athugasemdir Arnarlax hf við breytingu á starfsleyfi Fjarðarlax ehf

4. Matvælastofnun, bréf til kynningar

- Útgáfa leiðbeininga um áhættu og frammistöðuflokkun matvælafyrirtækja
- Sölustöðvun og innköllun af markaði vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda. Vínar súkkulaði og appelsínu kaka merkt Myllunni.
- Innköllun vegna aðskotahlutar. Himneskt, lífræn kókosolía.
- Væntanleg birting skýrslu um gæði neysluvatns á Íslandi 2002-2012
- Beiðni um neysluvatns upplýsingar fyrir ESA 2002-2013(SÓ)
- Krafa um skynmat á neysluvatni, ákvarða þarf lit, lykt og bragð við sýnatöku. (SÓ 5.2)
- Ný reglugerð hefur verið birt. Nr. 1294/2014 Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.
- Sölustöðvun á fæðubótaefni Catuaba Solaray, ólöglegt innihaldsefni

5. Skipulagsmál umsagnir

- Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020
- Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið á þingeyri
- Drög að deiliskipulagi Háanesi Stóra Laugardal Tálknafirði, Fóðurstöð Fjarðarlax
- Tillaga af deiliskipulagi Tálknafirði, Baugatún.
- Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Breyting íbúðabyggð við Lönguhlíð Bíldudal og verslunar og þjónustusvæði Patreksfirði.

6. Sveitarfélög

- Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Tálknafirði samþykkt
- Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi samþykkt
- Gjaldskrá fyrir umhverfisgjöld í Vesturbyggð samþykkt

7. Eftirlit

- Verkefni Umhverfisgæðahóps 2015. Meðhöndlun á lífrænum úrgangi á svæðinu. Samþykkt að taka þátt.
- Salmonella í Pekingönd, sýni tekið í Samkaupum, Ísafirði í tengslum við eftirlitsverkefni. Innköllun.

8. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og lögum um matvæli nr 93/1995. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
5112141570	Verslun Súgandi	Suðureyri	skyndibitastaður.
5403080120	Sveitasæla ehf - Félagsheimili Bolungarvíkur	Bolungarvík	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi
530575-0209-	Flugfélag Íslands ehf - Ísafjarðarflugvöllur	Ísafjörður	Vöruflutningamiðstöðvar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
0303615479-	Slétt og Slitrótt	Ísafjarðarbær	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
660706-0970	Bjarnveig ehf - Borgarbraut 17	Strandabyggð	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
651102-3080	Þeydal ehf- gisting	Súðavíkurhreppur	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
1203864689	Punt snyrtistofa	Ísafjörður	Snyrtistofur

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
420913-1250	Valþjófur ehf.	Flateyri	Fiskvinnsla lítil

9. Tóbakssöluleyfi skv. Lögum nr 6/2002

Verslunin Súgandi ehf. kt: 511214-1570, Skipagötu 3, Suðureyri. Ábyrgðarmaður Ása Dóra Halldórsdóttir kt. 260865-5529

Smáalind ehf. Kt. 500804-2460 endurnýjun

- Undanþágur fyrir unglinga yngri en 18 ára til að selja tóbak skv. 190498-2639 Jón Aron Benediktsson N1-Tálknafirði

141298-2249 Davíð Vignisson N1- Tálknafirði

10. Tækifærisleyfi

heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa

Stútungur Guðríður Kristjánsd	211065-5249	Íþróttahús Flateyrar	Þorablót	7-8 Febrúar
Oddfellow stúkan Gestur	671189-2569	Oddfellowhúsið	Þorablót	7-8 febrúar
Strandabyggð	570860-0410	Félagsheimilið Hólmavík	Þorablót	31.-1 febrúar
Kvenfélagið Hvöt	536080-0299	Félagsheimilið Hnífsdal	Þorablót	7-8 febr
Strandabyggð	570860-0410	Félagsheimilið Hólmavík	Þorablót	31.-1 febrúar
Þorranefndin Drangnesi	680169-0719	Samkomuhúsið Drangnesi	Þorablót	31-1 febrúar

Björgunarsveitin Dýri	600783-0929	Félagsheimilið Þingeyri	Þorrlót	24-25 janúar
Gróa M Böðvarsdóttir	190662-3149	Krúsin	Áramótadansleikur	1.janúar
Sveitasælan ehf	540308-0120	Edinborgarhúsið	Áramótadansleikkur	1.janúar

11. Brennuleyfi

Kennitala	Heiti	Nafn forráðamanns	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
630269-4589	Bláberjadagar	Pétur G. Markan	Súðavík	tækifærisbrenna
510694-2369	Áramótabrenna Bíldudal	Hlynur Aðalsteinsson	Vesturbyggð	áramótabrenna
161159-5849	Áramótabrenna Bolungarvík	Elías Jónatansson	Bolungarvík	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Þingeyri	Þórir Örn Guðmundsson	Ísafjörður	áramótabrenna
640269-6779	Áramótabrenna Tálknafirði	Vignir Arnarson	Tálknafirði	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Suðureyri	Bjarni Jóhannsson	Ísafjörður	áramótabrenna
630269-4589	Áramótabrenna Súðavík	Garðar Sigurgeirsson	Súðavík	áramótabrenna
440787-2589	Áramótabrenna Reykhólahrepps	Egill Sigurgeirsson	Reykhólahreppur	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Hauganesi Ísafriði	Stefán Hagalín Ragúelsson	Ísafjörður	áramótabrenna
550382-0249	Áramótabrenna Hólmavík	Pétur Matthíasson	Hólmavík	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Hnífsdal	Jóhann Birkir Helgason	Ísafjörður	áramótabrenna
040867-3929	Áramótabrenna Garðstaðagrundum	Þorbjörn Steingrímsson	Súðavík	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Flateyri	Björn Reynir Gunnarsson	Ísafjörður	áramótabrenna
711090-2079	Áramótabrenna Drangnesi	Ingólfur Árni Harladsson	Kaldrananeshreppur	áramótabrenna
480774-0279	Þrettándabrenna Bolungarvík	Elías Jónatansson	Bolungarvík	Þrettándabrenna
510694-2369	Áramótabrenna Patreksfirði	Michael Wulfken	Vesturbyggð	áramótabrenna

12. Önnur mál

- Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir fjarveru vegna veikinda. Ekki var ráðinn starfsmaður í staðinn. Í staðinn frestuðu starfsmenn sumarfríum. Anton á inni sumarfrí sem nemur 34 sumarleyfisdögum og Hlynur 25 sumarleyfisdögum.
- 100. fundur heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis. Anton kynnti stutt yfirlit yfir starfsemina frá upphafi.

•

13. Fundadagsetningar 2015, tillaga:

- 1. fundur 20. febrúar Ársreikningur
- 2. fundur 16. apríl Matvælaeftirlit – Innra eftirlit -starfsskýrsla
- 3. fundur 12. júní Fundur í Strandasýslu um Hollustuhætti
- 4. fundur 28. ágúst Fundur í Vesturbyggð um Mengunareftirlit
- 5. fundur 16. október Fjárhagsáætlun.
- 6. fundur 18. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:15

100. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis

Frá því lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir tóku gildi hefur nefndin fundað 100 sinnum. Það er því við hæfi að taka saman stutt yfirlit um starfið.

Markmið með heilbrigðiseftirliti

Lög um hollustuhætti hafa það markmið að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Ágrip af sögu heilbrigðiseftirlits:


Frá upphafi var litið á heilbrigðiseftirlit sem verkefni sveitarfélaga. Samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit bar sveitarfélögum að annast heilbrigðiseftirlit hvert fyrir sig. Eftirlitið var þá á hendi 200 heilbrigðisnefnda á landinu. Núverandi skipulagi með svæðisbundnu heilbrigðiseftirliti var komið á með lögum nr. 50/1981 og átti það að tryggja að ekkert sveitarfélag væri án heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndum var fækkað úr 200 í 47. Fram að því höfðu sveitarfélögin hvert og eitt átt að bera ábyrgð á eftirlitinu en reyndin var sú að það voru aðeins stærstu sveitarfélögin sem héldu uppi virku eftirliti. Með lögum nr. 81/1988 gerð krafa um að einn framkvæmdastjóri væri yfir hverju svæði. Þegar ný lög nr. 7/1998 tóku gildi var svæðisskipunin fest í sessi og svæðisnefndin tók við hlutverki heilbrigðisnefnda. 1. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis skv. nýjum lögum var haldinn 17. október 1998. Fundinn sátu Anton Helgason, Jón Hörður Elíasson, Jón Reynir Sigurvinsson, Kristján Arnarson, Sigríður Karlsdóttir og Kristján G Jóakimsson.

Heilbrigðisfulltrúar sem starfað hafa á Vestfjörðum

Á árunum 1984 - 1991 var heilbrigðiseftirliti á Vestfjörðum sinnt í hlutastörfum en upplýsingar um starfshlutfall og starfstíma eru ekki aðgengilegar. En starfsemin á árinu 1985 var sem hér segir: Einar Otti Guðmundson var heilbrigðisfulltrúi fyrir Norður Ísafjarðarsýslu og Bolungarvík, Sigrún Gerða Gísladóttir var heilbrigðisfulltrúi fyrir Vestur Ísafjarðarsýslu, Aðalsteinn Sveinsson var heilbrigðisfulltrúi fyrir Vestur Barðastrandasýslu, Guðbjörg Þorvarðardóttir var heilbrigðisfulltrúi fyrir Strandasýslu og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sinnti heilbrigðiseftirliti í Austur Barðastrandasýslu. Kaflaskil verða síðan árið 1991 þegar ráðinn er framkvæmdastjóri í fullt starf við eftirlitið. Starfsmönnum er síðan fjölgað í tvo árið 2000. Árið 1991 var Anton Rúnar Helgason ráðinn framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og til að sinna heilbrigðiseftirliti á svæðinu. Austur Barðastrandasýsla var eftir sem áður með þjónustu frá Vesturlandi. Helga Friðriksdóttir var ráðin í fullt starf heilbrigðisfulltrúa árið 2000 jafnframt færðist þá eftirlit með Austur Barðastrandasýslu til Vestfjarða. Hún lauk störfum hjá eftirlitinu 2011. Jórunn Haltbakk heilbrigðisfulltrúi starfaði hjá eftirlitinu á árunum 2008 -2010. Hlynur Reynisson var ráðinn árið 2010 í fullt starf, en hann hlaut réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi í janúar 2011.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða 1991-2015

Eitt af höfuðeinkennum Vestfjarða er hvað langt er á milli fólks, þ.e. strjálbýli er mikið, og fólksfækkun viðvarandi. Á árunum 1991-2014 hefur íbúum á Vestfjarðasvæði fækkað um 2.750 íbúa eða um 28%. Íbúar á svæðinu 1. janúar 2014 voru 6.972. Miklar breytingar hafa einnig orðið á atvinnulífinu, rækjuverksmiðjum hefur fækkað úr 8 í 2 og sama þróun hefur orðið í fiskvinnslu. Mikil aukning hefur orðið á sama tíma í ferðaþjónustu og á síðustu árum í fiskeldi.




Eftirfarandi texti er tekin úr starfsskýrslu heilbrigðisfulltrúa frá árinu 1992 þar sem aðaláhersla í eftirlitinu var á drykkjarvatn og sorpmál.

„Drykkjarvatn á Vestfjörðum er víðast hvar gott ef frá eru skilin vatnsból Ísfirðinga, Súðvíkinga og Súgfirðinga einnig hafa verið viss vandamál með vatn Drangnesinga.“

„Sorpmál eru víðast hvar í ólestri á Vestfjörðum. Þar er víðast brennt við opinn eld án hreinsibúnaðar. Brotajárni er safnað saman og flutt í burtu frá Bíldudal og eins er brotajárni safnað saman á Þingeyri“

Með virku og markvissu eftirliti hafa ótrúlega miklar framfarir orðið á Vestfjörðum. Í byrjun tímabilsins stóðust einugis 60% matvælasýna og 30% neysluvatnssýna frá Vestfjörðum kröfur. Nú er svo komið að matvælasýni eru nánast alltaf í lagi. Sama má segja um neysluvatn þéttbýlisstaða. Sýnataka af matvælum og vatni eru þeir mælikvarðar sem heilbrigðiseftirlitið hefur til að meta hvort einhver árangur er af starfinu. Á það verður þó að benda að fá sýni eru í hverjum flokki. Fjölgað hefur þeim vatnsveitum eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlits. Þær vatnsveitur sem hér bætast við eru einkavatnsveitur hjá ferðaþjónustuaðilum, mjólkurbúum og fiskverkendum í dreifbýli. Vatnsgæði, þar sem ekki hefur verið reglubundið eftirlit, eru marktækt lakari. Niðurstöður sýnatöku ársins 2013 hjá vatnsveitum þéttbýlisstaða eru að 94% sýna stóðust kröfur. Hjá kúabændum og matvælaframleiðendum til sveita stóðust 75% sýna kröfur. Hjá ferðaþjónustuaðilum í dreifbýli þ.e. gisting og tjaldstæði stóðust einungis 44% sýna kröfur.

Á Vestfjörðum eru aðeins 2 urðunarstaðir eftir, í Bolungarvík er urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang og svo er sorpurðunarstaður í Strandabyggð. Því er nánast öllu sorpi sem fellur til á svæðinu fyrir utan sveitarfélagið Strandabyggð keyrt út af svæðinu.



Þó vel hafi gengið á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis þá eru mörg verkefni eftir sem leggja þarf verulega vinnu í. Enn vantar töluvert upp á að innra eftirlit sé virkt hjá vatnsveitum á svæðinu. Ástand sund- og baðstaða á Vestfjörðum er mjög misjafnt. Á svæðinu er að finna bæði nýjar fullkomnar sundlaugar, sem byggðar hafa verið á síðustu árum, en einnig gamlar laugar sem byggðar voru upp í kringum 1950 og þá oftast í tengslum við jarðhita. Vanda þarf umsjón og klórblöndun í þannig laugar. Næsta stórverkefni er að koma skólpmálum í farveg en ekkert sveitarfélag á Vestfjörðum uppfyllir í dag þær kröfur sem gerðar eru til fráveitu. Samhliða þarf að koma meðhöndlun og notkun á seyru úr rotþróum og hreinsivirkjum í réttan farveg. Um árabil hefur það verið stefna stjórnvalda í orði að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga þannig að ákvörðun um áherslur og skipulag þjónustu sé í nánú samstarfi og samvinnu við íbúa viðkomandi sveitarfélags. Þróunin hefur hinsvegar orðið sú að fleiri og fleiri verkefni hafa verið yfirtekin af stofnunum ríkisins með laga og reglugerðarbreytingum. Eftirlit er aðhald og það hefur sýnt sig að aldrei er hægt að slaka á.

Listi yfir nokkur sérverkefni sem unnin hafa verið á undanförunum árum sem og sameiginleg verkefni heilbrigðiseftirlits og umhverfis- og matvælastofnunar.

- 1992 Ítarleg úttekt á vatnsveitum á Vestfjörðum.
- 1993 Sýnataka af neysluvatni þar sem kannað var hvort sjúkdómsvaldandi örverur væri að finna í neysluvatni. Einnig var hitastig í kæliborðum kannað.
- 1994 Söluturnar, skyndibitastaðir og veitingastaðir skoðaðir með áherslu á úrbætur á aðbúnaði og meðferð matvæla.
- 1995 Kjötverkefni með það að markmiði að bæta aðbúnað og hreinlæti hjá framleiðendum.
- 1996 Umhverfismál fyrirtækja: Hreinsun á frárennsli frá rækjuvinnslu. Virkni síubúnaðar.
- 1997 Umhverfismál fyrirtækja II Hreinsun á frárennsli frá rækjuvinnslu. Frárennismál fiskvinnsluhúsa.
- 1997-2002 Könnun á skólpmengun í viðtaka. Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði skýrsla gefin út árið 2002.
- 1998 Verndarsvæði vatnsbóla ákvörðuð fyrir Dranganes, Hólmavík, Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal.
- 1999 Verndarsvæði vatnsbóla ákvörðuð fyrir Bolungarvík og Ísafjarðarbæ.
- 2000 Verndarsvæði vatnsbóla ákvörðuð fyrir Súðavíkurbrepp og Reykhólahrepp.
- 2001 Vatnsýni í Broddaneshreppi
- 2002 Umhverfisúttekt í Hólmavíkurbreppi, Strandasýslu
- 2002 Umhverfisúttekt í Reykhólahreppi
- 2003 Úttekt á leiksvæðum og leiktækjum
- 2003 Umhverfisúttekt í Súðavíkurbreppi
- 2006 Skoðun einkavatnsbóla
- 2007 Samantekt vegna díoxín mengunar í næsta nágrenni við Sorpbrennsluna Funa.
- 2012 Skýrsla um bensínslys í Hestfirði 16. janúar 2012
- 2013 Sýnataka af fráveituvatni fiskvinnsluhúsa

Fundargerð í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis og Umhverfisstofnunar föstudaginn 20. febrúar 2015 kl. 13:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Hildur E Pétursdóttir, Kristján G. Jóakimsson, Einar Valur Kristjánsson, Jón Hörður Elíasson frá Umhverfisstofnun Gunnlaug Einarsdóttir

*Gunnlaug kynnt starf umhverfisstofnunar og kynnti nýja stefnumótun fyrir stofnunina.

*Frankvæmd Efnalaga gerð grein fyrir framkvæmd og beitingu stjórnvaldsekta

*Rætt um friðlýst svæði og eftirlit með þeim.